

Myndbandið “Selja bændur of dýrt? Hver ræður matvælavæði á Íslandi?”

Vísbendingar og ítarefni

Markmiðið er að miðla eftirfarandi þáttum:

- sölukerfið og verðmyndun fyrir kjötvörur
- sölukerfið og verðmyndun fyrir mjólkurvörur
- verðlag fyrir matvæli á Íslandi í alþjóðlegum samanburði
- aðrir þættir sem hafa áhrif á verðið

Þetta myndband fjallar um grundvallaratriði sem eru oft í umræðu í íslenska samfélaginu og við mælum eindregið með því að a.m.k. kennarar horfa á það – en þótt um þjóðhagfræði sé að ræða (sem getur verið frekar “þurr”), er umræðuefninu lýst á myndrænan og auðskiljanlegan hátt sem hentar vel nemendum sjálfum.

Stundum heyrir í umræðunni að “hátt matvælavæði” sé bændum að kenna. En það er rangt: Bændur ráða því ekki hvað maturinn kostar í búðinni. Sala og verðmyndun á kjötvörum og mjólkurvörum á Íslandi fer eftir ákveðnu kerfi (tveimur aðskildum kerfum) sem myndbandið sýnir á einfaldan hátt – þannig að börn án sérstakrar hagfræðipækkingar skilja kerfið líka strax.

Óháð því er spurning hvað er “hátt verð” – það er nauðsynlegt að hafa viðmið. Há laun (neytenda) og hátt verð fara vel saman, en lág laun og hátt verð ekki. Bæði laun og verðlagið eru mjög misjöfn eftir löndum og ekki hægt að bera þau beint saman. Góður **mælikvarði** til að meta hvort matvæli séu dýr eða ódýr, er **hlutfall útgjalda heimilanna vegna matvæla** miðað við önnur útgjöld. Myndbandið sýnir hvar Ísland stendur í samanburði við 35 Evrópulönd, bæði innan og utan Evrópusambandsins, og hvernig hlutfallið þróaðist í gegnum tímann: Hlutfallið er hærra í 25 löndum, en lægra í einungis 10 löndum.

Svo er bent á aðra þætti sem hafa áhrif á verðið, til dæmis sýklalyfjanotkun í landbúnaði (sem er t.d. 20 sinnum meiri í Þýskalandi en á Íslandi og jafnvel 40 sinnum meiri á Spáni). Sýklalyfjanotkun er mælikvarði fyrir stress og álag á framleiðsludýr sem “þurfa” þá að fá sýklalyf til að þjóna sínum tilgangi þrátt fyrir þessar aðstæður – en á þennan hátt er hægt að framleiða mjög ódýrt. Mikil notkun á þessum lyfjum eykur hættuna á bakteríum sem hafa aðlagast sýklalyfjum, þannig að þau virki ekki lengur á þær. Þær verða þar með mjög hættulegar, líka fyrir mannfolk. “**Sýklalyfjaónæmi**” (ekki “ofnæmi”!) er ein stærsta heilbrigðisögn sem heimurinn stendur frammi fyrir.

Á Íslandi byggist landbúnaður langflestra bænda á **fjölskyldubúum**, þar sem fjölskyldan sér að langmestu leyti sjálf um dýrin sín, ekki utanaðkomandi starfsfólk. Eins og bent er á í öðrum myndböndum byggist þessi landbúnaður á **samspili** manns og kindar, manns og kýr, sem er í mörgum tilfellum vináttu. Það er sérstaða hefðbundins íslensks landbúnaðar, sem finnst í fáum öðrum löndum, en er samt dýrmæt staðreynd. Berum þetta saman við “hagstætt” risabú með þúsundir framleiðsludýra og tugi starfsmanna.

Burtséð frá því gegna bændur – litlu fjölskyldubúin – mikilvægu hlutverki hvað byggðir varðar – **án bænda væri landið tóm**. Þess vegna er einnig mælt eindregið með því að horfa líka á **myndbandið** sem ber sama heiti.

Meira um efnið:

- <https://www.audhumla.is/felagsmenn/mjolkurverd>
- <https://www.audhumla.is/felagsmenn/umframmmjolk>

- Verðið á hverjum tíma (heildsöluverð á mjólk og mjólkurvörum sem verðlagsnefndin ákveðir, lágmarksverð á mjólk til kúabænda):
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/landbunadur/buvorusamningar/verdlagsnefnd/> (neðst á síðunni: “Auglýsingar og fréttatilkynningar”)
- <https://www.ms.is/verd-og-pontunarlistar> (verðlisti MS til endurseljenda)
- <https://www.bbl.is/skodun/notkun-syklalyfja-i-landbunadi> (8. júní 2023)
- <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/08/09/Adgerdaaetlun-gegn-syklalyfjaonaemi-stadfest/> (aðgerðir gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis á Íslandi)
- <https://www.bondi.is/um-bi/utgafa-og-kynning/syklalyfjaonaemi> (umfangsmikill listi yfir greinar og upplýsingar um sýklalyfjaónæmi, tekinn saman 2019)
- <https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/view/tec00134/default/table?lang=en> (nákvæmur gagnagrunnur útgjalda vegna matvæla fyrir öll Evrópulönd, innan og utan ESB, á heimasíðu hagstofu ESB)
- Fjár sjóður-myndbandið “Án bænda væri Ísland tóm”
- Fjár sjóður-myndbandið “Bændur eru alltaf í vinnunni”

Tillögur að spurningum eftir að hafa horft á myndbandið:

- Er til verðlagsnefnd varðandi kjötvörur?
- Hver ræður hvað sláturhúsin (afurðarstöðvar) fá fyrir kjötvörurnar sínar?
- Hver situr í verðlagsnefndinni varðandi mjólkurvörur?
- Ræður MS hvað verslanir borgar fyrir smjör?
- Í hvaða löndum er hlutfallið útgjalda fyrir matvæli 20% eða meira? (Til þess þarf að skoða töfluna á heimasíðu hagstofu ESB sem bent er á fyrir ofan.)
- Hvert var hlutfall matvælaútgjalda á Íslandi 1918 og 1980?
- Berið saman hlutfall matvælaútgjalda á Íslandi í dag og meðaltalið í ESB.
- Hversu mörgum prósentustigum eru íslenska hlutfallið herra en lægsta hlutfallið í Evrópu?
- Flettið upp heildsöluverði fyrir 1 kg af hreinu skyri (slóð sjá fyrir ofan). Margfaldið þetta verð með 1,11 til að fá verðið með virðisaukaskatti (vsk.). Farið svo í mismunandi búðir og athugið hvað 1 kg hreint skyr kostar þar (þetta verð inniheldur alltaf 11% vsk). Hver er mismunurinn miðað við heildsöluverðið + vsk?
- Af hverju eru innfluttar vörur oftast ódýrari? Nefndu nokkur dæmi.
- Ónæmi (ekki ofnæmi!) fyrir sýklalyfjum og matvælaverð – er eitthvert sambengi þar á milli?
- Væri það góð lausn að hafa 3 eða 4 risabú sem framleiða allan matinn sem þarf á Íslandi – og leggja íslenskan landbúnað annars af? Ræðið kosti og ókosti – og ykkar skoðun.

Ert þú með athugasemdir eða spurningar til okkar? Hafðu samband:
forvitni@forvitni.net